

L Ö G

um breyting á orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „ $\frac{2}{3}$ stofnkostnaðar viðkomandi vatnsvirkjana“ í 2. tölulið 71. gr. laganna komi: $\frac{3}{4}$ stofnkostnaðar viðkomandi vatnsvirkjana.

3. töluliður 2. málsg. 71. gr. laganna orðist svo:

3. Að veita einstökum bændum, sem búa utan þess svæðis, er samveitum er ætlað að ná til í náinni framtíð, lán til að koma upp mótorafrastöðvum á heimilum sínum. Lán þetta má nema kostnaðarverði rafstöðvarinnar að meðtöldum kostnaði við flutninga og uppsetningu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. apríl 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Kjartansson.

13 apríl 1973.

Nr. 52.

L Ö G

um sérstakan dómara og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Mál vegna brota á lögum nr. 77 16. júní 1970, um tilbúning og verzlun með ópíum o. fl., og reglugerðum settum samkvæmt þeim lögum skulu rannsókuð, rekin og dæmd fyrir dómi í ávana- og fíkniefnamálum.

2. gr.

Dómur í ávana- og fíkniefnamálum skal hafa aðsetur í Reykjavík.

Ráðherra skipar dómara í ávana- og fíkniefnamálum, og skal hann fullnægja lögmæltum skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti og hafa þekkingu á rannsókn og meðferð ávana- og fíkniefnamála. Hann nýtur réttinda og ber skyldur sem aðrir héraðsdómarar. Hann getur haldið dómþing hvar á landinu sem er.

3. gr.

Við embætti dómara í ávana- og fíkniefnamálum skulu starfa svo margir fulltrúar, er fullnægi skilyrðum 33. gr., sbr. 6. tl. 32. gr. laga nr. 85/1936, sem þörf er á, að mati dómsmálaráðherra.

Dómsmálaráðherra getur veitt fulltrúum, sem ráðnir eru til starfa samkvæmt 1. mgr. og fullnægja ákvæðum laga til að hljóta skipun í fast dómarastarf, heimild til að vinna sjálfstætt og á eigin ábyrgð að þeim dómstörfum, sem þeim eru falin.

4. gr.

Um málsmeðferð alla fyrir dómi í ávana- og fíkniefnamálum skal fara eftir ákvæðum laga nr. 82 21. ágúst 1961, sbr. lög nr. 29 28. apríl 1966, eftir því sem við á.

5. gr.

Nú verður það uppvist í máli, sem er til meðferðar eða rekið er fyrir dómi í ávana- eða fíkniefnamálum, eða ástæða er til að ætla, að sökunautur hafi einnig framið aðrar refsiverðar athafnir, og skal þá fá ákvörðun saksóknara ríkisins um, hvort rannsókn og meðferð brotanna skuli haldið áfram fyrir dómi í ávana- og fíkniefnamálum eða sent til meðferðar hinum almenna dómi.

Nú kemur upp í almennu refsimáli eða ástæða þykir til að ætla, að sökunautur hafi einnig framið refsivert brot gegn lögum nr. 77/1970, og skal þá fá ákvörðun saksóknara ríkisins um, hvort rannsókn og meðferð brotanna skuli haldið áfram fyrir hinum almenna dómi eða sent til meðferðar dóms í ávana- og fíkniefnamálum.

6. gr.

Telji héraðsdómari, að ástæða sé til að ætla, að framið hafi verið refsivert brot gegn lögum nr. 77/1970 og reglugerðum settum samkvæmt þeim, skal hann þegar hefja frumrannsókn í málinu, en jafnframt tilkynna dómi í ávana- og fíkniefnamálum um málið, sem tekur við meðferð þess.

7. gr.

Dómsmálaráðherra úrskurðar, að öðru leyti en lög þessi ákveða, hver störf skuli lögð undir embætti dómara í ávana- og fíkniefnamálum.

Dómsmálaráðherra ræður dómara í ávana- og fíkniefnamálum starfsfólk.

8. gr.

Við embætti dómara í ávana- og fíkniefnamálum og undir hans stjórn skal starfa sérstök deild lögreglumanna.

Dómsmálaráðherra setur með reglugerð ákvæði um samvinnu og frekari starfskiptingu milli lögregludeildar þessarar og almennrar lögreglu og rannsóknarlög-reglu.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. apríl 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.